



Fréttabréf desember 2006

Ábm. Sigurbjörg Róbertsdóttir deildarstjóri

Ömmu og afadagur

Föstudaginn 17. nóvember var ömmu- og afadagur í Heiðarskóla. Pennan dag komu ömmur og afar í heimsókn í skólann og hittu barnabörnin sín. Nemendur fóru með ömmu og afa í



kennslustundir og einhverjir fóru í kynnisferð um skólann. Margt var um manninn og á sal skólans mátti sjá ömmur og afa spjalla saman yfir kaffibolla og allir virtust eiga góða og skemmtilega stund.

Teygjuhlé

Nokkrir kennarar í Heiðarskóla hafa sótt á vef Lýðheilsustöðvar forritið Teygjuhlé. Forritið flautar á 30 mínútna fresti og sýnir með myndum teygjur sem eru góðar fyrir þá sem sitja lengi við skólaborð. Nemendur hafa tekið þessari nýjung fagnandi, þegar tilkynningin „Tími til að teygja“ birtist á skjánum bregðast allir við og taka góðar teygjur í eina mínútu.



Gjafir til skólans

Nú á haustdögum höfum við í Heiðarskóla verið svo lánsöm að ýmsir aðilar hafa fært skólanum góðar gjafir. Fyrst ber að nefna að Foreldrafélag Heiðarskóla færði skólanum að gjöf örbylgjuofn og stórt samlokugrill til afnota fyrir nemendur skólans. Þá færði SBK skólanum að gjöf nýja myndavél af gerðinni Canon EOS 400D sem mun koma að góðum notum þegar taka þarf myndir úr skóla-starfinu. Þá gaf Lárus Þórhallsson skólanum uppstoppaða töfu, sem bætist í ört stækkandi safn uppstoppaðra dýra í skólanum. Heiðarskóli vill færa þessum aðilum bestu þakkir fyrir góðar gjafir og hlýhug til skólans.



Spurning mánaðarins í náttúrufræði 8. - 10. bekk

Elstu nemendurnir okkar hafa legið yfir lotukerfinu undanfarna daga við að reyna að svara spurningu mánaðarins í náttúrufræði. Vísbending er sett upp á vegg í náttúrufræðistofunni og geta nemendur hækkað einkunn sína í náttúrufræði með því að svara rétt. Frábært er að sjá hve margir spreyta sig og lesa um nóbelsverðlaunahafa, frumefni og vísindamenn í leit sinni að svarinu. Úrslit og spurningu nóvembermánaðar má sjá á vef skólans.

Umferð við Heiðarskóla

Í lok nóvember var sent út bréf í tölvupósti til foreldra nemenda Heiðarskóla. Í þessu bréfi var meðal annars vakin athygli foreldra á þeirri miklu bílaumferð sem er við skólann á morgnana, sérstaklega í Heiðarbólinu, þar sem yngstu börnin ganga inn í skólann og á bílastæðunum við íþróttahúsið, þar sem elstu börnin ganga inn. Vegna þessarar umferðar hefur skapast mikil slyshætta, sérstaklega nú í skammdeginu.

Er það von starfsfólks skólans að foreldrar noti hringtorgið fyrir framan skólann. Það er hannað til þessara hluta, auk þess er lýsing þar miklu betri en á hinum stöðunum.



Jólafrí

Jólafrí nemenda hefst fimmtudaginn 21. desember. Skólastarf hefst aftur fimmtudaginn 4. janúar 2007 samkvæmt stundaskrá. Starfsmenn Heiðarskóla óska ykkur öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Jólafondur foreldrafélagsins

Laugardaginn 2. desember stóð foreldrafélag Heiðarskóla fyrir árlegum jólafondurdegi. Undirbúningur og framkvæmd dagsins var í höndum félagsins, sem naut dyggrar aðstoðar nemenda 10. bekkja sem söguðu út jólamyndir og púsuðu, auk þess sem þeir aðstoðu á ýmsan hátt þennan dag. Þá var vöfflu- og kaffisala í þeirra höndum. Þessi fondurdagur tókst með ágætum, mæting var góð og allir í jólaskapi.



Brjóstholslíffæri svína krufin

Hópur nemenda er í vali sem kallast líffræði mannsins. Nemendur læra þar um helstu líffærakerfi, uppbyggingu og starfsemi líkama mannsins. Unnið er bæði bóklega og verklega. Hápunktur annarinnar er krufning eða athugun á brjóstholslíffærum úr svíni. Líffærin, lungu, hjarta, barki og tunga, eru fengin í sláturhúsi. Í athuginni er uppbygging og gerð líffæranna skoðuð að innan sem utan. Prófað er að blása í lungun og hjarta og lungu snert og skorin. Nemendur sýndu verkefninu mikinn áhuga en ekki var laust við að það færi um suma, að þurfa að snerta og vera með hendurnar í blóðinu og slíminu, meðan aðrir voru í essinu sínu og heillaðir af viðfangsefninu.



Jólaskemmtanir og stofujól

Miðvikudaginn 20. desember verða hin árlegu „Litlu jól“ í skólanum. Ráðgert er að þau taki um eina og hálf klukkustund hjá hverjum bekk fyrir sig.

Eins og venjulega verður jólaguðspjallið flutt af nemendum 7. bekkja. Þá verða sungin jólalög og dansað í kringum jólatréð. Síðan heldur hver bekkur til sinnar stofu og heldur stofujól með umsjónarkennara sínum. Nemendur eiga að mæta sem hér segir:

kl. 08.30 - 10.00

1. AJ
2. bekkur
- 4.. EÓ
5. HE
6. AÓ
8. ÞE
9. MJ

kl. 10.00 - 11.30

1. IP
3. HH
5. KG
6. ÞG
8. EP
9. SP
10. SN

kl. 11.30 - 13.00

- 1.SG
- 3.HE
- 3.HS
4. HT
7. EE
7. BG
8. IS
10. RR



Dagur íslenskrar tungu

Dagur íslenskrar tungu, 16. nóvember, var haldinn hátíðlegur í Heiðarskóla. Þennan dag var fyrsta menningarstund vetrarins og nemendur í 2., 4., 6., 8. og 10. bekk stigu á stökk og sýndu samnemendum sínum skemmtileg og vönduð atriði tengd deginum.



4. bekkur í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum

Í byrjun nóvember fóru nemendur í 4. bekk á námskeið í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum.

Námskeiðið fjallaði um dýr í sjó og vötnum og var mjög fróðlegt. Nemendur fengu að sjá myndir af ýmsum dýrum og síðan að sjá lifandi fiska fiskabúrum og eins önnur dýr, eins og skjaldbökur, eðlu og gælurottur. Nemendur voru ánægðir með ferðina og fræðsluna.

Alviðna - 6. bekkur

Sjöttu bekkingar fóru í jólaferð 29. og 30. nóvember í Alviðna sem er umhverfis- og fræðslusetur Landverndar. Þar tók á móti okkur staðarhaldari sem fræddi nemendur um sögu staðarins. Eftir það var farið í útileiki tengda jólum. Síðan var nemendum boðið inn og þeir fræddir um ýmis áhöld sem notuð voru í gamla daga og vakti sérstakan áhuga ævagamalt jólatré upplýst með kertaljósi. Boðið var upp á piparkökur. Hópnum var síðan skipt í tvennt. Annar hópurinn bjó til jólasveina úr litlum trjádrumbum en hinn hópurinn fór í hlöðuna þar sem voru kanfur, fiskar og síðast en ekki síst kaðall þar sem nemendur gátu sveiflað sér og vakti það mikla lukku.

Heimsókninni lauk síðan með gönguferð um nágrennið.



3. bekkur á ferðalagi



Í byrjun nóvember fóru nemendur í 3. bekk í bæjarferð. Byrjað var á því að fara í Mjólkursamsösluna þar sem bekkirnir voru leiddir um fyrirtækið og vinnslan á hinum ýmsu mjólkurafurðum sýnd. Það var mjög fróðlegt að sjá hvernig allar vélarnar sáu um að pakka vörum inn. Einnig var gaman að sjá hvað öll vinnan hefur breyst frá því í gamla

daga þegar fólk þurfti að ganga með mjólkurbrúsa langar leiðir til að fá mjólk og vinna smjör, rjóma o.fl. úr mjólkinni með handafla. Þegar skoðunarferðinni var lokið var okkur boðið upp á mjólk, kleinur og ís.

Ferðin endaði með því að fara á skauta í Egilshöllinni þar sem nemendur voru ótrúlega fljótir að ná tókum á skautapróttinni. Sumir nemendur voru að fara í fyrsta skiptið á skauta en eftir smá tíma var eins og þeir hefðu aldrei gert neitt annað.

Eineltisforvarnir í Heiðarskóla

Heiðarskóli vinnur nú fjórða árið í röð samkvæmt áætlun Dan Olweusar gegn einelti. Markmiðin með verkefninu eru:

- * að minnka eineltisvandamál í og utan skólasamfélagsins
- * að bæta félagatengslin í skólanum
- * að fyrirbyggja ný eineltisvandamál

Einelti segjum við að sé: Endurtekin eða neikvæð, „illgjörn“ framkoma eins eða fleiri barna beint gegn öðru barni sem á erfitt með að verja sig.

Stærstu hlutar verkefnisins eru þeir að allir bekkir fá fræðslu um einelti og hvernig hægt sé að koma í veg fyrir það og hjálpa þeim sem eiga erfitt uppdráttar. Hver bekkur setur sér einnig bekkjarreglur sem eiga að stuðla að því að allir séu samtaka um hvað sé góð og viðurkennd framkoma. Bekkjarreglurnar eru innleiddar á bekkjarfundum sem líka eru nýttir til að ræða þau mál sem upp koma í dagsins önn. Þessa dagana eru nemendur að taka könnun sem mælir einelti og viðhorf í skólanum. Könnunin var einnig lögð fyrir haustið 2003 og haustið 2005. Skólinn hefur komið mjög vel út úr könnuninni hingað til og niðurstöður gefið okkur góðar vísbendingar um hvað megi betur fara. Við munum áfram nota þær upplýsingar sem ný könnun gefur okkur. Við hvetjum foreldra/forráðamenn til að hafa samband við umsjónarkennara ef þá grunar að barn þeirra sé lagt í einelti svo að starfsmenn skólans geti kannað málið og brugðist við.



Pabbahelgin

Föstudaginn 3. nóvember 2006 varð ég faðir í fyrsta sinn. Þann dag eignaðist ég stúlkubarn. Ég skírði hana Erlu Maríu. Ég var 13 ára og þessi atburður gjörbreytti lífi mínu.

Ég var kvíðinn, hræddur og spenntur. Ég vissi ekkert hvernig það var að eiga barn. Fyrstu nóttina vaknaði ég níu sinnum og svaf eiginlega ekki neitt. Hún þurfti að drekka og fá hreina bleyju, en það reddaðist fyrir horn. Ég gat ekki stundað mínar hefðbundnu tólmstundir, ég var alltaf með barnið hvert sem ég fór, ég gat ekki gert neitt. Ég var vanur að vera virkur í félagsstarfinu, æfa körfu og vera í tónlistarskóla.

Eftir fyrstu nóttina var ég alveg að gefast upp eftir fyrstu mjólkurgjöfina, því hún drakk í þrjú korter, ég var að verða brjáláður! En ég varð að bíta á jaxlinn því að ég gat bara ekki hlaupið frá þessu, mamma mín gerði það alla vega ekki við mig. Hún sagði við mig að ég yrði að halda áfram. Nóttin leið og dagur tvö, 4. nóvember var lengsti dagur lífs míns. Nótt tvö leið en þá þurfti ég einungis að vakna fimm sinnum og þetta lenti allt á mér, ég fékk enga aðstoð. Ég var alveg að sofna á laugardeginum, hrikalega þreyttur. Þetta var alveg rosalega erfitt. Ég komst að því að eiga börn er ekki fyrir hvern sem er, alla vega ekki mig. Dagur númer þrjú var bestur ég þurfti bara að vakna þrisvar sinnum þá nótt. Á sunnudeginum fór ég með dóttur mína í Fjörheima sem er félagsmiðstöð

fyrir unglínga í Reykjanesbæ. Hún var mjög góð þar og var eiginlega ekkert að gráta. Á mánudeginum fór ég með hana í skólann. Þar var maður að nafni Ólafur Grétar Gunnarsson sem sá um raunveruleikabörn og mitt var eitt af þeim. Ég átti að skila því eftir heila helgi og það var fínt að losna við það. Ég gat þá farið að stunda tólmstundirnar mínar aftur. Þetta kenndi mér það að stunda ekki kynlíf nema að nota getnaðarvarnir eða bara að geyma það þangað til að ég verð eldri. Því ég vil ekki né nenni að verða faðir, alla vega ekki strax.



Ísak Ernir Kristinsson 8. EP

Ferðamálanemendur í Heiðarskóla

Unglingar í 9. og 10. bekk Heiðarskóla sem verið hafa í staðbundinni ferðamálfraði í vetur héldu nýverið hugarflugsfund um framtíðarmöguleika heimabyggðar sinnar.

Þar veltu þeir upp þeim möguleikum sem Reykjanesið gæti haft upp á að bjóða. Fundurinn var að vonum líflegur og ótrúlegt hvað hugmyndaauðgi þeirra var mikil. Hér ætlum við að segja frá einni hugmyndinni sem er reyndar mjög fjölþætt. Augljóst er að hér er á ferðinni stórhuga kynslóð og vonandi að einhver taki sig til og framkvæmi eitthvað af þessu. Hugmyndir þeirra beinast fyrst og fremst að því að laða íslenska ferðamenn að svæðinu en vel má hugsa sér að erlendir ferðamenn nýttu sér þetta líka.

Gamli Patterson flugvöllurinn er hugsaður sem risavaxinn skemmtigarður með Tívolii og húsdýragarði, fallegum fossi, tilbúnum goshver og litlum veitingastöðum. Þar væri stór útsýnisturn þar sem njóta mætti fagurrar fjallasýnar og þar yrði jafnframt veitingastaður. Gamlar sprengiefnageymslur og neðanjarðarbyrgi væru opin til skoðunar. Í beinu framhaldi væri svo vísindasafn og vatnaveröld með ýmsum sjávardýrum. Á svæðinu væri keilusalur, skautasvell og litboltasvæði.

Jámbrautarlest gengi um svæðið og reyndar væri hægt að fara hringferð með henni um Reykjaneskagann. Einnig var bent á möguleikann á því að byggja hótél sem að hluta til eða öllu leyti yrði neðansjárvar og þar sæist út í fjölbreyttan sjávargróður og dýralíf. Vel má hugsa sér að útbúa þar neðansjávargos sem hægt væri að fylgjast með í gegnum glervegg.

Eins og sjá má eru hugmyndirnar óþrjótandi og mjög metnaðarfullar. Svo er bara að sjá til og vona að einhver eða einhverjir geti látið drauma þeirra verða að veruleika.



Nemendur á ferð um Reykjanesið.

2. bekkur á bókasafninu

Föstudaginn 1. desember fór 2. bekkur í vettvangsferð á B ó k a s a f n Reykjanesbæjar. Mikill hugur var í nemendum og gengu allir sem leið lá frá Heiðarskóla og nutu þess að skoða



falleg jólaljós og skreytingar á Hafnargötunni. Þegar komið var í Kjarna heim-sóttu krakkarnir Landsbankann og fengu endurskinsmerki að gjöf enda vilja nemendur sjást vel í umferðinni í svartasta skammdeginu. Á bókasafninu tók Svanhildur Eiríksdóttir á móti nemendum og las jólasöguna „Ullarvettlingarnir hans afa.“ Allir nemendur stóðu sig með mikilli þrýði og voru bæði sjálfum sér og Heiðarskóla til sóma. Það voru þreyttir og sælir 2. bekkingar sem héldu aftur í skólann og ekki skemmdi fyrir að fá að taka strætó heim.

